

Frá trygginga- yfirlækni

Á síðasta ári voru ákveðnar vinnureglur hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir mífrenilyf til að nota við afgreiðslu umsókna um lyfjaskírteini. Þessar vinnureglur eiga ekki við venjulegt mífreni heldur eingöngu mífreni af erfiðustu gerð þar sem köst eru að minnsta kosti fjögur í mánuði og hvers konar önnur meðferð hefur verið reynd til þrautar. Forsaga málsins er sú að þegar sumatriptan (Imigran) kom á markað hér á landi var ákveðið að Tryggingastofnun væri einungis heimilt að taka þátt í að greiða sex töflur af lyfinu í senn. Þar sem lyfið er dýrt hefur þetta komið sér illa fyrir þá sem þurfa að nota óvenju mikið af því. Var því gripið til þess að heimila útgáfu lyfjaskírteina til þeirra sem þurfa að nota óvenju mikið af lyfinu, það er til mjög afmarkaðs hóps fólks með mífreni. Eins og vinnureglurnar bera með sér eru þetta ekki úrræði fyrir þorra þeirra einstaklinga sem þurfa á lyfinu að halda, enda hafa lyfjaskírteini sem gefin hafa verið út vegna þessa ekki verið mörg. Að gefnu tilefni hafa þessar vinnureglur verið endurskoðaðar og eru nú þannig:

Lyf: sérhæfð serótónínvirk lyf

ATC: N02CC

Dagsetning: 27. febrúar 2002

Skilyrði:

- liggja skal fyrir ótvíræð greining á mífreni
- hvers konar önnur meðferð sé fullreynd (fyrirbyggjandi og önnur lyf)
- mífreniköst séu að minnsta kosti fjögur í mánuði

Afgreiðsluheimild: e-merkt 100 daga skammtur

Gildistími: 1 ár

Gallup-könnun á afstöðu lækna til frum- og hermilyfja


Í KJÓLFAR UMRÆÐU um notkun hermilyfja fór Frumlyfjahópur Félags íslenskra stórkaupmanna þess á leit við Gallup að könnuð yrði afstaða lækna til hermi- og frumlyfja. Í desember 2001 var hringt í 787 lækna og fengust svör frá 500 þeirra (svarhlutfall 69,3%).

Þegar lækna voru spurðir um hversu mikill munur væri á virkni frum- og hermilyfja, sögðu 83% að sá munur væri lítill og aðeins 6% að munurinn væri mikill. Þetta viðhorf er athyglisvert sé miðað við svör lækna við þeim spurningum sem á eftir fylgdu.

Í könnuninni kemur í ljós að rúmlega 35% lækna hafa stundum lent í því að sjúklingum finnst hermilyf ekki virka jafnvel og frumlyf og 7% lækna verða oft fyrir þessari reynslu með sína sjúklinga. Aðeins 23% lækna segjast aldrei hafa meðhöndlað sjúkling sem finnst frumlyf virka betur en hermilyf.

Þegar lækna eru spurðir hvort þeir hafi breytt lyfjagjöf eftir að sjúklingi finnst hermilyf ekki virka eins vel og frumlyf, svara 83% því játandi. Séu svörin flokkuð eftir sérgreinum kemur í ljós að 94% heimilislækna, 87% geðlækna, 77% lyflækna, 69% barnalækna, 65% skurðlækna og 80% annarra lækna hafa breytt lyfjagjöf vegna þessa.

Læknarnir voru einnig spurðir um hvort þeir R-merktu einhvern tíma lyfseðla. Í ljós kom að 69% þeirra lækna sem skrifa lyfseðla R-merkja einhverja þeirra. 95% geðlækna og 78% bæði heimilis- og lyflækna R-merkja lyfseðil stundum.



Þegar þau 31% lækna sem ekki R-merkja voru spurð um ástæður þess komu fram ýmis svör. Sem dæmi má nefna að nokkur hópur lækna taldi ranglega ekki möguleika á R-merkingum.

Að lokum var hópurinn spurður hvort sjúklingar þeirra hefðu tekið inn tvö lyf með sama innihaldsefninu (þ.e. frumlyf og hermilyf). Í ljós koma að fjórðungur lækna hafði einhvern tíma lent í því. Séu svörin flokkuð eftir sérgreinum kemur í ljós að 34% heimilislækna, 18% skurðlækna, 20% geðlækna, 41% lyflækna, 10% barnalækna og 19% annarra hafa séð dæmi um slíkt.

Af þessari rannsókn má draga þá ályktun að þrátt fyrir að flestir íslenskir lækna hafi lent í vandræðum með sjúklinga á hermilyfjum, þá eru þeir samt trúir þeirri túlkun yfirvalda að enginn munur sé á þessum lyfjum.

F.h. Frumlyfjahóps

Ársæll Arnarsson
Hadda Björk Gísladóttir
Sigrún Elsa Smáradóttir

Spurning: Hversu mikill munur er á virkni frum- og hermilyfja?

Svör: Lítill 83% Mikill 6%

Spurning: Hafa sjúklingar rætt um að þeim finnst hermilyf ekki virka eins vel og frumlyf?

Svör: Stundum 35% Oft 7% Aldrei 23%

Spurning: Hefur þú breytt lyfjagjöf vegna þess að sjúklingi fannst hermilyf ekki virka eins vel og frumlyf?

Jákvætt svar: Allir lækna 83%

Heimilislækna	94%	Geðlækna	87%	Lyflækna	77%
Barnalækna	69%	Skurðlækna	65%	Aðrir lækna	80%